

FRÉTTABLAÐIÐ

17. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

MÁNUDAGUR 21. JANÚAR 2019

AUGLÝSING



ÚRVAL ÚTSÝN

ALBÍR / ALTEA ALICANTE ALMERIA BENIDORM CALPE COSTA BRAVA GRAN CANARIA TENERIFE

FÁÐU SÓL Í SUMAR

HJÁ ÚRVAL ÚTSÝN



SUMARSÓL
FRÁ 59.900 KR.
FLETTU TIL AÐ SKOÐA

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 17 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

★ TILBOÐSVERÐ Í SÓL ★

MEDITERRANEO BAY *****
ALMERÍA



31. MAÍ – 7. JÚNÍ 7 NÆTUR
Tvíbýli með **ALLT INNIFALIÐ**

VERÐ FRÁ 105.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 132.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

ALLT INNIFALIÐ

ZORAIDA GARDEN *****
ALMERÍA



21.–28. JÚNÍ 7 NÆTUR
Tvíbýli **ALLT INNIFALIÐ**

VERÐ FRÁ 128.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 155.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

ALLT INNIFALIÐ

HOTEL NEPTUNO *****
ALMERÍA



23.–31. ÁGÚST 8 NÆTUR
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ 110.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 138.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BALI *****
BENIDORM



7.–14. MAÍ 7 NÆTUR
Tvíbýli með hálfu fæði

VERÐ FRÁ 84.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 100.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLFT FÆÐI

ALBIR PLAYA *****
ALBIR



18.–25. JÚNÍ 7 NÆTUR
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ 97.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 118.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

LARIMAR APARTMENTS ***
CALPE



22.–29. ÁGÚST 7 NÆTUR
Íbúð með 1 svefnherbergi

VERÐ FRÁ 74.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 103.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GF ISABEL *****
TENERIFE



7.–14. MAÍ 7 NÆTUR
Smáhýsi með 1 svefnherbergi

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 104.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HOVIMA PANORAMA ***
TENERIFE



15.–22. JÚNÍ 7 NÆTUR
Stúdíó með morgunverði

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 103.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HOVIMA LA PINTA *****
TENERIFE



24.–31. ÁGÚST 7 NÆTUR
Comfort íbúð með 1 svefnherbergi og hálfu fæði

VERÐ FRÁ 110.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 145.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLFT FÆÐI

BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL ***
GRAN CANARIA



3.–10. JÚNÍ 7 NÆTUR
Smáhýsi með 2 svefnherbergjum

VERÐ FRÁ 98.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 115.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

TENEGUIA **
GRAN CANARIA



12.–19. ÁGÚST 7 NÆTUR
Íbúð með 1 svefnherbergi og sundlaugarsýn

VERÐ FRÁ 59.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 73.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BAOBAB RESORT *****
GRAN CANARIA



26. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER 7 NÆTUR
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ 108.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 130.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GOLDEN BAHIA DE TOSSA *****
TOSSA DE MAR



30. MAÍ – 8. JÚNÍ 9 NÆTUR
Tvíbýli með sundlaugarsýn og hálfu fæði

VERÐ FRÁ 119.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 148.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

NÝTT HÓTEL HÁLFT FÆÐI

GUITART GOLD CENTRAL PARK RESORT & SPA ***
LLORET DE MAR



13.–22. JÚNÍ 9 NÆTUR
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ 92.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 110.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

NÝTT HÓTEL

**SJÁÐU MEIRA Á
URVALUTSYN.IS**

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFNA
Í SÍMA 585 4000



Kona með rauða húfu gæðist í gegnum snjóhríðina á meðan hún beið eftir strætisvagni við Kirkjusand. Snjókomana á höfuðborgarsvæðinu um helgina vafði borginni í hvíta kápu og gladdi í það minnst yngstu kynslóðina. Börnin fylltu hverja brekku í borginni í gær og renndu sér á snjóþotum og sleðum með bros á vör um hvippinn og hvappinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vísar fullyrðingum um fjárskort á bug

Lilja Alfreðsdóttir gagnrýnir skrif forseta heilbrigðisvísindasviðs HA. Skólinn hafi ekki nýtt fjármagn til fjölgunar hjúkrunarnema.

MENNTUN Menntamálaráðherra segir ámælisvert af forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri (HA) að halda því fram að skólinn skorti fjármagn til að fjölga hjúkrunarfræðinimum.

Í grein eftir Eyðisi Kr. Sveinbjarnardóttur, forseta heilbrigðisvísindasviðs HA, sem birtist í Fréttablaðinu í síðustu viku segir meðal annars að 59 nemendur í hjúkrunarfræði hafi náð öllum samkeppnisprófum upp á vormisserið. Hjúkrunarfræðideildin hafi hins vegar einungis fjármagn til að taka 55 þeirra inn.

„Þetta er ekki rétt vegna þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið var búið að útvega fjármagn í bóklega þáttinn. Hins vegar gat skólinn ekki tekið við fleirum þar sem klínísku plássin eru ekki til



Lilja Alfreðsdóttir.

staðar,“ segir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra og vísar til nefndarálits meirihluta fjárlaganefndar við nýsamþykkt fjárlagafrumvarp. Þar kemur fram að 30 milljónir sem fara áttu til Háskólans á Akureyri vegna fjölgunar hjúkr-

unarnema voru dregnar til baka að svo stöddu en þess getið að fjárhæðinni verði varið til þessa verkefnis þegar fyrir liggur hvernig skólarnir verða í stakk búnir til að taka á móti auknum fjölda nemenda í hjúkrunarfræði.

Aðspurð segir Eyðis að í áætlunum sem skólinn hafi sent ráðuneytinu sé gert ráð fyrir fjölgun um tíu nemendur á komandi hausti og aftur um tíu haustið 2021. Aðspurð um þau rök að fjárskortur hafi komið í veg fyrir fjölgun nú á vörð segir Eyðis að sú setning í grein-

inni hafi eitthvað misskilist.

„Ég var bara að útskýra að við vorum ekki í stakk búin til að fjölga strax eins og mannaflinn er hjá okkur því það var mikil pressa á að taka inn alla nemendur sem náðu prófunum. Hver nemandi til viðbótar býr til auknið álag og við erum ekki með fjármagn til að fjölga einn, tveir og þrír.“

Eyðis segir forsvarsmenn hjúkrunarfræðideilda HA og HÍ nú undirbúa sameiginlegar tillögur um fjölgun hjúkrunarfræðinema sem verði sendar ráðherra í febrúar. – að

Ósáttir við háa bakreikninga

ORKUMÁL Íbúar í Rangárvallasýslu hafa margir fengið háa bakreikninga fyrir notkun á heitu vatni. Sveitarfélögin segja aukna notkun skýrast af lækkandi hita á heita vatninu.



Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri.

„Fólk var að fá bakreikninga núna alveg unnvörpum,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárbings eystra, þar sem íbúar eru ósáttir við lækkandi hitavatsreikninga. – gar / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um hvernig enginn vilji vera einn. **9**

SPORT Frakkland var númeri of stórt fyrir ungt lið Íslands. **10**

TÍMAMÓT Rögnvaldur Hannesson hlaut heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann á Akureyri. **14**

LÍFIÐ Hafþór Júlíus snæddi með Arnold Schwarzenegger. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FYRIR SVANGA FERÐALANGA



PANINI OG GOS* COMBO VERÐ: **499 KR**

Kvikk
ON THE GO

Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis



VIÐBURÐAHÚS

ALLT AÐ 500 MANNA

ÞORRA BLOT



Tales from Iceland



518 4000 / info@tales.is

Veður



Suðlæg eða breytileg átt 5-13 metrar á sekúndu í dag. El, einkum sunnan til á landinu. Kólnandi veður, frost víða 0 til 6 stig seinni-partinn. **SJÁ SÍÐU 16**

Funda í Tromsø

UTANRÍKISMÁL Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, ávarpaði sveitarstjóra annarra sveitarfélaga á norðurljóðum í Tromsø í gær. Ráðstefnan Arctic Frontiers hefst í borginni í dag og stendur fram á miðvikudag.

Sveitarstjórnir hittust í gær og tóku þar með forskot á sæluna til að ræða málefni sveitarstjórnarstigsins.

„Akureyri hefur ákveðið að vera heimskaupmiðstöðin á Íslandi og háskólinn hefur markaðssett sig sem heimskaupaháskóla. Við teljum þetta vera málefni sem sé afar mikilvægt fyrir okkur,“ segir Ásthildur.

Ísland mun taka við formennsku í Norðurskautsráðinu af Finnum á þessu ári og gegna henni næstu tvö árin. Norðurskautsráðið er samstarfsvettvangur ríkisstjórna þeirra landa sem liggja á eða að heimskaupinu. Einnig hafa sex frumbyggjasamtök aðild að ráðinu. – sa

Grunnur tekinn að himinháum hóteltorni



Hann lætur ekki mikið yfir sér núna, byggingarreiturnar við Skúlagötu 26 en þarna er hafin vinna við grunninn að því sem verður 17 hæða hóteltorni sem gnæfa mun yfir nærliggjandi byggð. 195 herbergi verða í hótelinu sem óneitanlega verða mörg með glæsilegu útsýni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Vesturlandsvegi var lokað fyrir umferð í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tvær rútur enduðu utan vegar

SLYS Fjórir voru fluttir á slysideild með minniháttar meiðsli þegar tvær rútur fuku út af Vesturlandsvegi við Kjalarnes í gærkvöldi. Betur fór því en á horfðist því veður var afleitt og færðin slæm þegar slysin áttu sér stað. Erlendir ferðamenn frá Bandaríkjunum og Bretlandi voru í rútnum.

Slysin urðu um kvöldmatar-

leytið en í annari rútnu voru 27 farþegar og ellefu í hinni. Þeir sem sluppu við meiðsli voru fluttir í fjölda hjálparmiðstöð í Varmárhóla á Kjalarnesi.

Vesturlandsvegur var lokaður fram eftir kvöldi frá Þingvallavegi að Hvalfjardargöngum og fengu fjölmörg öndur ekki að komast að vettvangi sökum veðurs og aðstæðna. – smj

Starfsmönnum seldir smábílar Félagsbústaða

Ekki gekk að selja sex bíla Félagsbústaða með auglýsingum svo starfsmönnum var boðið að kaupa þá. Einn og sami starfsmaðurinn keypti fimm bíla og dóttir annars þann sjötta. Ásættanlegt að fá 780.000 fyrir þá, segir framkvæmdastjóri Félagsbústaða.



Einn Honda-bilanna sem Félagsbústaðir auglýstu til sölu. MYND/FÉLAGSBÚSTAÐIR

STJÓRNSÝSLA „Þetta þótti ásættanleg niðurstaða enda með öllu óvíst hvort tekist hefði að selja alla bílana með öðrum hætti,“ segir Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, um þá ákvörðun að selja starfsmanni fimm smábíla í eigu félagsins og dóttur annars einn. Alls fengust 780 þúsund krónur fyrir bílana sem orðnir voru gamlir og lúnir að sögn Sigrúnar. Ákveðið var að selja bílana innanhúss eftir að hefðbundnar auglýsingar báru ekki árangur.

Í september síðastliðnum seldu Félagsbústaðir bifreiðar sem félagið hafði verið með í notkun um langt árabil og komið var að því að endurnýja. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórnunum var um að ræða sex smábíla sem voru á bilinu 11 til 13 ára gamlir og eknir frá 108-160 þúsund kílómetra. Flestir hafi verið í döpru ástandi.

„Fimm þessara bíla voru af gerðinni Honda Jazz en einn af gerðinni Toyota Yaris. Að mati bilasala sem FB leitaði til hefðu þessir bílar verið þungir í sölu vegna aldurs og ástands og taldi hann að fá mætti í

Þetta þótti ásættanleg niðurstaða enda með öllu óvíst hvort tekist hefði að selja alla bílana með öðrum hætti.

Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða



bústaða þann 18. ágúst 2018.

„Þegar þessar auglýsingar báru ekki árangur var sendur tölvupóstur á starfsmenn FB og þeim boðið að gera tilboð í bílana. Mánuði síðar voru fimm þeirra seldir starfsmanni FB fyrir samtals 600 þúsund krónur og sá sjötti var seldur dóttur annars starfsmanns fyrir 180 þúsund krónur,“ segir Sigrún og bætir við:

„Samanlagt fengust því 780 þúsund krónur fyrir bílana með þessu móti sem er svipað eða heldur meira en vænta mátti samkvæmt upplýsingum sem fyrir lágu og að teknu tilliti til sölulauna,“ segir Sigrún.

Félagsbústaðir hafa að sögn Sigrúnar endurnýjað átta bíla af þrettán. Kaupverð þeirra var á bilinu 2,9 til 3,2 milljónir. Hluti nýju bílanna var keyptur af innkaupadeild borgarinnar að undangengnu útboði en hluti eftir verðkönnun hjá umboðum. Félagið vinnur að mótun innkaupareglna í samráði við borgina. mikael@frettabladid.is

TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum TUDOR




Extrahóð endurhæðsla

Nýjar byggrindur SOX teki

MNO kalórimál

Polur málens eða rafhlöð

Fyrir mjög kalt loftlag

Rafdrögar glerglífar

Örtur hólvet af tengiförku

MNO kalórimál

Fyrir mesta rafhlöð

4x þéttir afhlöður



SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Einfalt reikningsdæmi: 3+4 = 7 ára ábyrgð

Toyota á Íslandi býður sjö ára ábyrgð með öllum nýjum bílum. Frá stofnun hefur Toyota vandað sig við að rækta sambandið við viðskiptavini með öflugri þjónustu. Með sjö ára ábyrgð Toyota leggjum við grunninn að enn betra langtímasambandi.

Kynntu þér 7 ára ábyrgð Toyota nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

Grindvíkingar hækka lægstu laun einhliða

KJARAMÁL Grindavíkurbær ætlar sér að hækka laun þeirra starfshópa í bæjarfélaginu sem eru með hvað lægstu launin. Bæjarfulltrúar telja lægst launuðu starfsmenn sveitarfélagsins hafa of lág laun og vilja bæta þau.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Grindavíkurbæjar og var sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

„Við teljum þá lægst launaða sem eru starfsmenn í íþróttahúsi Grindavíkur og starfsmenn leikskóla,“ segir Hjálmar Hallgrímsson, formaður bæjarráðs. „Þetta er gert í samvinnu allra stjórnmalaflokka í bænum og er í stefnuyfirlýsingu meirihlutans að bæta kjör þessa fólks.“

Hjálmar segir að misræmi hafi verið milli lægstu launa í grunnskólum og leikskólum og þetta sé



Hjálmar Hallgrímsson

liður í að halda í starfsfólk. Ekki sé ljóst hversu margir fái þessa kjaraþót. „Þegar sviðsstjóri kemur með gögnin fyrir næsta fund bæjarráðs

þá sjáum við betur hversu margir einstaklingar munu hækka í launum og hver kostnaður sveitarfélagsins er áætlaður.“

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur umboð sveitarfélaga til að semja um kaup og kjör starfsmanna sveitarfélagsins. Mörg sveitarfélög hafa bent á þá stöðu þegar krafist er hækkunar í einstaka sveitarfélögum að sveitarfélögin sjálf fari

ekki með umboð til að semja um launin og því geti þau ekki hækkað þau. Hjálmar segir það vissulega rétt en vonast eftir lausn á því máli. „Samband sveitarfélaga semur fyrir hönd sveitarfélagsins og því þurfum við líklega að fá umsögn frá þeim en við erum með ákveðnar kröfur sem við leggjum á móti þó þær séu nú litlar, þannig að allir vinna,“ segir Hjálmar að lokum. –sa

Reglugerð ekki verið sett í sex ár

STJÓRNSÝSLA Reglugerð um auglýsingar heilbrigðisstarfsmanna hefur ekki litið dagsins ljós en þá reglugerð átti að setja eftir að lög um heilbrigðisstarfsmenn voru sett árið 2012.

Í 24. grein laga um heilbrigðisstarfsmenn er ákvæði um kynningar og auglýsingar heilbrigðisstarfsmanna. Þar segir að ráðherra skuli setja í reglugerð ákvæði um auglýsingar eða bann við ákveðinni tegund auglýsinga.

Það er vilji ráðherra að vinnunni verði flýtt og að reglugerð liggja fyrir á næstu mánuðum.

Helga Björg Ragnarsdóttir



Helga Björg Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra, segir ráðherra vilja setja frekari reglur um auglýsingar heilbrigðisstarfsmanna. „Staðan á reglugerð um auglýsingar heilbrigðisstarfsmanna er sú að reglugerðin er ekki klár. Unnið hefur verið að málinu innan ráðuneytisins en það legið í láginni um tíma. Það er vilji ráðherra að vinnunni verði flýtt og að reglugerð liggja fyrir á næstu mánuðum.“ –sa

Dýrara að hita upp hús með kaldara heitavatni frá Veitum

Íbúar í Rangárvallasýslu hafa margir fengið háa bakreikninga fyrir notkun á heitu vatni. Sveitarfélögin segja aukna notkun skýrast af lækandi hita á heita vatninu og vilja ræða við Veitur um lausnir.

ORKUMÁL „Fólk var að fá bakreikninga núna alveg unnvörpum,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárbings eystra, þar sem íbúar, líkt og í nágrennasveitarfélaginu Rangárbingi ytra, eru ósáttir við hækkingu hitavatnsreikninga.

Í samhljóða bókunum sveitarstjórna beggja sveitarfélaganna segir talsvert hafa borið á því að íbúar í Rangárvallasýslu hafi verið að fá háa bakreikninga vegna aukinnar notkunar á heitu vatni.

„Ástæða þess er meðal annars að hitastig vatnsins hefur lækkað svo um munar, með þeim afleiðingum að magnnotkun íbúa eykst til að halda húsum sínum heitum,“ segir í bókunum þar sem fram kemur að fá eigi fund með forsvarsmönnum Veitna vegna hitaveitunnar.

„Þarna erum við svolítið að biðla til Veitna,“ segir Anton Kári. Hann útskýrir að í samningnum sem gerður var þegar Veitur keyptu Hitaveitu Rangæinga á sínum tíma hafi láðst að skilgreina lágmarks aftöppunarkita á vatninu.

„Undanfarna vetur hefur verið vesen að afla nægs og nægjanlega heits vatns. Lagnirnar eru orðnar gamlar og virkni borholanna hefur minnkað. Þá höfum við lent í því að vatnið sem kemur er ekki nægjanlega heitt. Það veldur því náttúrulega að það rennur meira í gegn um kerfin,“ lýsir sveitarstjórinn ástandinu.

Að sögn Antons Kára hefur fólk



Er gaus í Eyjafjallajökli 2010 var vandamálið aska í sundlauginni. Nú er það heitavatnsskortur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þetta voru bakreikningar fyrir árið alveg frá 30 þúsund krónum og upp í 150 þúsund.

Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárbings eystra

fengið bakreikninga þar sem notkunin hefur vaxið upp fyrir áætlun ársins. „Þetta voru bakreikningar fyrir árið alveg frá 30 þúsund krónum og upp í 150 þúsund.“

Það er kyndistöð á Hvolsvelli þar sem heita vatnið fer í gegn. Hún var notuð á sínum tíma til þess að skerpa á vatninu og ná upp því hitastigi aftur sem tapaðist á flutningnum ofan úr Laugalandi. En sú kyndi-

stöð er óvirk í dag. Og það er ekkert kappsmál Veitna að skaffa heitara vatn,“ segir Anton Kári.

Sem dæmi um afleiðingarnar segir sveitarstjórinn að sundlaugin hafi þurft að hafa lokaða 29 daga í fyrra vegna heitavatnsskorts af því að Veitur gátu ekki útvegað nægt heitt vatn. Fram undan sé að eiga samtal við Veitur sem sveitarfélagið hafi átt góð samskipti við.

Hluti vatnsskortsins skýrist síðan af mikilli uppbyggingu á svæðinu sem útheimti meira vatn.

„Þetta hefur ekki alveg fylgt í takt og því er farið að bera á skorti. En okkur finnst að íbúar eigi ekki að gjalda fyrir það að þurfa orðið að nota helmingi meira vatn til að halda húsum sínum heitum.“

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upp lýsingafulltrúi Veitna, segir ástæðu

hærra reikninga hjá viðskiptavinum Rangárveitna af tvennum toga. Í fyrsta lagi var árið 2018 sérstaklega kalt og fólk almennt notaði meira heitt vatn.

„Þetta skýrir megnið af hærri hitareikningum og einskorðast auðvitað ekki við notendur hjá Rangárveitum heldur á við um flesta íbúa suðvesturhorns landsins.“

Við áætlun fyrir árið 2018 hafi verið tekið mið af notkuninni 2017 þegar mun hlýrra hafi verið í veðri. Þá segir Ólöf að önnur ástæða fyrir hækkun reikninga sé lægra hitastig vatnsins frá veitunni.

„Við höfum skoðað gögn yfir hitastigið frá vinnslusvæðum Rangárveitna á árunum 2016-2018,“ segir hún. „Á þeim tíma hefur meðalhita- stig á ársgrundvelli lækkað um sírka 2 gráður á selsius.“ gar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur
að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

JEEP® ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

jeep.is

NÝR
CHEROKEE
FRUMSÝNDUR 26. JANÚAR



ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSAÐILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE



„Þetta var tilvalið nám samhliða sölumannsstarfi og maður fékk tækifæri til að skyggast inn í margt sem viðkemur rekstri, stjórnun og markaðssetningu fyrirtækja. Það hefur þegar nýst mér í starfi og styrkt framkomu mína og nálgun við viðskiptavinum. Kennararnir þekkja sitt fag og léttleikinn er allsráðandi.“

Hermann Albertsson, fyrrverandi nemandi í Sölu-, markaðs- og rekstrarnámi



GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með námi hjá Promennt



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA
Í BEINNI

SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

- Sérlega viðtæk tveggja anna námsbraut unnin í samstarfi við Framvegis – miðstöð símenntunar. Fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með því að öðlast hagnýta þekkingu á sölu-, markaðs- og rekstrarmálum.

EINSTAKT VERÐ

Námið er styrkt af Fræðslusjóði. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði eða aðeins 93.000 kr. (heildarvirði er 580.000 kr.).

FYRIR HVERJA?

Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldri og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

MIKILL SVEIGJANLEIKI Í NÁMINU

Kennslufyrirkomulagið er nýstárlegt og skemmtilegt. Auk hefðbundinnar staðkennslu og fjarkennslu í beinni útsendingu er lögð sérstök áhersla á vendinám sem gefur nemendum tækifæri á að læra á eigin forsendum.

Hefst **12. febrúar** • Kvöldhópur • **Tvær annir**

GRAFÍSK HÖNNUN

- Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst **24. janúar** • Kvöldhópur • **20 skipti**



VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

- Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst **4. febrúar** • Kvöldhópur • **22 skipti**

STÖK NÁMSKEIÐ

- WordPress – Vefurinn minn
- Photoshop 2
- Photoshop fyrir byrjendur
- Dreamweaver HTML og CSS
- Illustrator
- InDesign
- Myndbandavinnsla Adobe Premiere Pro

UPPLIFUN NEMENDA

„Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
Íris Magnúsdóttir, grafísk hönnun.

Iðnaðar og tæknimenn athugið;

Vandaðar hitamyndavélar á frábæru verði!

Upplausn: 320*240
Priggja punkta
hitamæling á skjá.
Litaskjár 3,2 tommur

Mælissvið: -20 tll + 300C
SD minnskort Gb
Stakar myndir og video
USB tölvutengi
Endurhlaðanleg rafhlaða gegnum
USB tengi.
Þyngd: 380 gr.



Þessi hitamyndavél er framleidd af hátæknyfirrtækinu HTI í Kína og er af gerðinni HT-18 með mikla skerpu og hefur verið prófuð af íslenskum fagmönnum, sem hafa gefið mjög góðar umsagnir.

Myndavélin hefur CE og RoHS vottanir og er með árs ábyrgð.

Verð aðeins kr. 73.300.- með vsk og sendingarkostnaði hvert á land sem er.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á netfang: togt@simnet.is

**Tól og Tæki sf,
Reyðarfirði.**



Mörg hundruð ófrjósemisaðgerðir eru gerðar á Íslandi ár hvert. Þær eru líka gerðar á börnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Íslendingar vanað tíu börn síðustu tuttugu ár

Tíu ófrjósemisaðgerðir hafa verið gerðar á börnum síðustu tuttugu ár að undirlagi lögráðamanna. Nýjasta dæmið er frá tímabilinu 2016-2018 þegar slík aðgerð var gerð á dreng. Dæmi um að fatlaðir hafi verið blekktir í slíkar aðgerðir.

HEILBRIGÐISMÁL Á árunum 2016-2018 var framkvæmd ein ófrjósemisaðgerð á einstaklingi undir átján ára aldri. Samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu var um að ræða dreng. Tíu slíkar aðgerðir hafa verið gerðar frá árinu 1998. Átta þeirra á stúlkum og tvær á drengjum.

Ófrjósemisaðgerðir á ólöggráða börnum eru aðeins gerðar að beiðni lögráðamanns. Sá sækir um fyrir hönd barns á grundvelli laga um föstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir frá árinu 1975. Barns sem talið er ófært um að eignast eða sjá um börn eða sökum líkamlegrar eða andlegrar vangetu, greindarskorts eða annars slíks. Í gegnum tíðina eru dæmi þess að fatlað fólk, oftast nær stúlkur, hafi verið blekkt í slíkar aðgerðir.

Ófrjósemisaðgerðir verða sífellt vinsælli valkostur til getnadarvarna, sérstaklega meðal karlmanna sem í auknum mæli hafa sótt í svokallaðar herraklipningar undanfarin 20 ár. Samkvæmt nýjustu tölum yfir ófrjósemisaðgerðir frá Landlæknisembættinu, fyrir árið

» 638 ófrjósemisaðgerðir voru gerðar á Íslandi árið 2017. Frá árinu 1998 eru tíu dæmi þess að slíkar aðgerðir hafi verið framkvæmdar á börnum undir átján ára.

2017, voru framkvæmdar alls 638 ófrjósemisaðgerðir á Íslandi það ár. 542 á körlum og 96 á konum.

En sérstakar aðstæður geta kallað á að sú ákvörðun er tekin fyrir einhvern, barn eða fullorðinn, að hann fjölgi sér ekki. Lögráðamaður sækir þá um aðgerðina fyrir hönd viðkomandi sem þarf að uppfylla ákveðin skilyrði.

Þau eru að heilsu konu sé hætta búin af meðgöngu og fæðingu. Að fæðing og forsjá barna yrði of mikið álag fyrir viðkomandi með hlidsjón af lífskjörum fjölskyldunnar og af öðrum ástæðum. Að sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dragi alvarlega úr getu viðkomandi til að

annast og ala upp börn eða ef ætla megi að barn eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi, vegna erfða eða skóddunar á fösturstigi. Þetta ákvæði laga hefur í gegnum tíðina átt sínar skuggahlíðar.

Sláandi vitnisburður um reynslu og upplifun kvenna með þroskahömlun af ófrjósemisaðgerðum birtist í rannsóknargrein Guðrúnar V. Stefánsdóttur, Sjálfraði og ófrjósemisaðgerðir á konum með þroskahömlun, árið 2011. Í viðtölum við sex konur á aldrinum 46-66 ára kom fram að þrjár höfðu verið blekktar í aðgerðina. Tveimur var sagt að þær væru að fara í botnlangaskurð. Hinar voru hvattar til eða taldar á að gangast undir þær.

Komst Guðrún að því að niðurstöðurnar bentu til að konurnar hefðu verið fullfærar um að taka svo afdrifarika ákvörðun í lífi sínu og að ástæður aðgerðanna ættu rætur í sögulegum og menningarbundnum viðhorfum í garð fólks með þroskahömlun og í því samhengi hefði mannkynbótastefnan leikið stórt hlutverk. mikael@frettabladid.is

Telja matskerfi Þjóðskrár of sjálfvirkt

FASTEIGNIR „Það var afráðið að láta reyna á þetta þar sem við töldum að fasteignamatíð hefði hækkað undanfarin ár umfram það sem eðlilegt er,“ segir lögmaðurinn Árni Helgason. Nýlega skilaði yfirfasteignamatnefnd (YFMN) úrskurð í sjö málum er varða fasteignamat sjö eigna Dalsness ehf. Árni rak málin fyrir hönd félagsins.

Í einstökum tilfellum hafði fasteignamatíð hækkað um nær 20 prósent milli árunna 2017 og 2018. Árni nefnir í dæmaskyni að í einu málinu hafi verið látið reyna á verðmæti atvinnuhúsnæðis sem var keypt árið 2016 fyrir 70 milljónir króna en fasteignamatíð fyrir árið 2019 sé 117 milljónir króna. Eignin er 18 ára og ekki hefur verið farið út í breytingar eða endurbætur frá því að hún var keypt. Þetta þótti félaginu fullmikið og krafðist endurskoðunar á matinu. Þjóðskrá hafnaði því og því var málinu vísað til YFMN. Nefndin



Þjóðskrá var gerð afturreka í einu tilfalli. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

staðfesti mat Þjóðskrár í sex tilfellum af sjö en vísaði einu máli heim.

„Forsendurnar að baki hækkunum töldum við ekki réttar og oft er erfitt að átta sig á þeim þegar óskað er eftir rökstuðningi frá Þjóðskrá. Okkur finnst matíð oft of vélrænt og upp á vanta að hver og ein

eign sé metin út frá ástandi, aldri og líklegu söluverði,“ segir Árni.

Sem stendur sé hann að skoða málið með umbjóðanda sínum og meta hvort ástæða sé til að höfða dómsmál. Við þá skoðun verði einnig kannað hvort rétt sé að höfða mál vegna mats fyrri ára. – jø

MARKAÐURINN

Viðskiptafréttir sem skipta máli

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum



Málþing um líffæragjöf og líffæraígræðslur

Opið málþing um líffæragjöf og líffæraígræðslur verður haldið á Hótel Natura, laugardaginn 26. janúar kl. 11:00-12:30.

Dagskrá

Málþingið sett. Alma D. Möller landlæknir og fundarstjóri.
Líffæragjafir á Íslandi. Kristinn Sigvaldason yfirlæknir á Landspítala.
Líffæraígræðslur á Íslandi. Runólfur Pálsson læknir á Landspítala.
Síðferðileg álitaeftni. Salvör Nordal heimspekingur og umboðsmaður barna.

Að vera hjartaþegi og grínari. Jóhannes Kristjánsson, skemmtikraftur og líffæraþegi.

Ljósíð í myrkrinu. Steinunn Rósa Einarsdóttir, móðir líffæragjafa.

Pallborð og umræður með frummælendum.

Aðgangur ókeypis en skráning nauðsynleg á vef Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is

Breytt lög um brottám líffæra (ætlað samþykki) tóku gildi 1. janúar 2019. Þeir sem eru hlynntir því að gefa líffæri sín við andlát, ef svo ber undir, þurfa ekki að skrá afstöðu sína.

Þeir sem kunna að vera andvígir því að gefa líffæri sín við andlát, ef svo ber undir, geta skráð það á www.Heilsuveru.is undir Mínar síður. Þeir sem ekki nota tölvur og stunda tölvusamskipti geta leitað aðstoðar heimilislækna sinna eða hjúkrunarfræðinga heilsugæslunnar

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO

ARMANI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

CORNELIANI

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA


BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



Herra
Laqueur
outlet
líka fyrir konur

Rýmning

70%

**afsláttur af
öllum vörum**

Nekt í banka



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Starfsmenn Seðlabanka Íslands máttu þola það í nokkurn tíma að hafa fyrir augum málverk eftir Gunnlaug Blöndal þar sem nakinn kvenmannslíkami blasti við. Þeir þoldu þetta víst flestir án þess að líða umtalsverðar andlegar kvalir – samt ekki allir. Einum ofur viðkvæmum starfsmanni var svo misboðið að hann kvartaði undan nektinni. Kvörtunin var sett í langt og strangt ferli sem loks fékkst niðurstaða í. Eins og Fréttablaðið sagði frá fyrir helgi hafa nektarmálverk eftir Blöndal verið fjarlægð úr opnu rými og þau sett í læsta geymslu. Þannig er komið í veg fyrir að verkin særi blygðunarkennd starfsmanna meir en orðið er.

Enginn starfsmaður Seðlabankans þarf því framfarir að finna fyrir óþægindum eða vera misboðið við að horfa á nektarmálverk eftir einn þekktasta og virtasta listmálara Íslendinga á 20. öld. Starfsmenn Seðlabankans eru þó ekki alveg hópnir. Einhverjir í þeirra hópi eiga vísast eftir að ramba inn á listasöfn hér á landi og erlendis og þar má iðulega sjá listaverk af beru fólki. Gunnlaugur Blöndal er einungis lítill hluti af miklu stærri vanda; sem sagt þeim að merkustu myndlistarmenn allra tíma hafa hrifist af mannlíkamanum og sótt til hans innblástur. Verk þeirra eru á söfnum, á heimilum og hanga uppi á veggjum stofnana. Ekki hefur sérstaklega orðið vart við að þeir sem hafa þessi verk fyrir augum finni til umtalsverðra óþæginda við að sjá hvernig karlar og konur eru sköpuð frá náttúrunnar hendi. Í Seðlabanka Íslands skapast hins vegar uppnám vegna nektarmálverka. Þar hefur meistari Gunnlaugur Blöndal nú verið stimplaður sem dónamálari.

Greinilegt er að í Seðlabankanum er við lýði óþol, jafnvel skelfing, vegna þess að nekt fyrirfinnst á málverkum í eigu bankans. Þessi viðhorf eiga afar illa við þegar kemur að list enda bjóða þau upp á umfangsmikla ritskoðun. Í bankanum er að sögn að finna dágott safn klassískrar myndlistar eftir marga af helstu meisturum Íslendinga, fyrr og síðar. Það er krefjandi spurning hvort þau verk eigi heima í stofnun sem hefur tekið sér það vald að ritskoða myndlistarsögu landsins.

Seðlabankinn hefur nú flokkað verk vel metins listamanns sem á málverki list sem sé til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem á hana horfa. Engar líkur eru á að listfræðingar þessa lands taki undir það mat. Seðlabankinn kom verkunum í öruggt skjól, setti þau í læsta geymslu. Þar eiga þau hins vegar ekki heima, þau ættu að vera á listasafni þar sem landsmenn fá að njóta þeirra. Íslenska þjóðin er blessunlega þeirrar gerðar að hún er ekki líkleg til að fá vægt taugaáfall við að sjá nakta manneskju á mynd, hvort sem um er að ræða karl eða konu.

Listaverk eiga að vera þar sem fólk nýtur þeirra, ekki þar sem þessi verk eru geymsluverð, fátækar í andanum, reka upp hneykslunaróp og krefjast þess að „ósóminn“ verði hið snarasta fjarlægður. Það er stórkostlegur áfellsdómur yfir Seðlabanka Íslands að á slíkt væl skuli hafa verið hlustað.



Þar hefur meistari Gunnlaugur Blöndal nú verið stimplaður sem dónamálari.

Halldór



Frá degi til dags

Aftur til starfa
Þingfundir hefjast á ný í dag að afloknu jólafríi en nefndadagar voru í liðinni viku. Margir biða spennir eftir því að sjá hvort Miðflokksmennirnir Bergþór Ólason og Gunnar Bragi Sveinsson, sem nýlega urðu landsfrægir fyrir munnsöfnuð, mæti til starfa á nýjan leik. Hvorugur hefur sést á Alþingi eftir að þeir úttöluðu sig um álit sitt á kvenkyns samstarfsfólki á Klaustrum í desember. Minnsti spennigurinn er sennilega meðal annarra þingmanna enda viðbúið að nærvera þeirra gæti haft neikvæð áhrif á mórallinn í þinghúsinu.

Verndaraðgerð
Á síðasta ári var sagt frá því að nektarmálverk eftir Gunnlaug Blöndal hefðu verið tekin niður af veggjum Seðlabanka Íslands þar sem þau hefðu farið fyrir brjóstid á hluta starfsfólks. Þá var einnig sagt frá því að bankinn hefði keypt Bose hljóðeinangrandi heyrnartól til að vernda starfsfólk fyrir hávaða frá loftræstikerfi. Um vinnuverndaraðgerð var að ræða að sögn bankans. Nýverið var sú ákvörðun tekin að koma myndunum fyrir í geymslu um óákveðinn tíma. Spurning er hvort ekki hefði verið réttara að skella í aðra vinnuverndaraðgerð, fara milliveginn og kaupa augnblöðkur fyrir veikgeðja starfsfólk. joli@frettabladid.is

Drögum úr ójöfnuði



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
formaður BSRB

Krafa launafólks um að allir geti lifað af á launum sínum hefur verið áberandi í umræðunni og verður í forgrunni þegar kjarasamningar þorra aðildarfélaga BSRB losna í lok mars. Sú krafa beinist ekki síður að stjórnvöldum en laungreiðendum enda til litalis að hækka laun þeirra lægst launuðu ef kjarabæturnar eru hirtar aftur af fólki í gegnum skattkerfið.


Í viðræðum BSRB við stjórnvöld leggjum við höfuðáherslu á breytingar á skattkerfinu, úrbætur á húsnæðismarkaði, styttingu vinnuvikunnar, jöfnun launa milli almenna og opinbera markaðarins og launabróunartryggingu.

Skattkerfið hefur á undanförunum árum verið notað til að auka misskiptinguna í samfélaginu. Álögunar á þá sem minnst hafa tekjurnar hafa aukist og barnabætur og vaxtabætur setið eftir. Á sama tíma hafa tekjur þeirra tekjuhæstu aukist verulega. Með öðrum orðum, byrðunum hefur verið velt af þeim sem eru aflögufærir og yfir á lágtekju- og millitekjuhópina.

Við eigum ekki að hika við að beita skattkerfinu sem jöfnunartæki til að auka hér félagslegan stöðugleika. Við hjá BSRB viljum frekari þrepaskiptinguna í tekjuskattkerfinu og að mögulegar skattalækkanir eigi að útfæra þannig að þær komi þeim tekjulægri til góða. Þá er það ekki síður mikilvægt réttlætismál að skattlagning tekna komi eins út fyrir fólk sama hvort tekjurnar heita launatekjur eða fjármagnstekjur.

Eigi launafólk að geta lifað af launum sínum verður að gripa tafarlaust til aðgerða á húsnæðismarkaði og tryggja ódýrara og hagkvæmara húsnæði um land allt, enda fer hátt hlutfall ráðstöfunartekna launafólks í kostnað við leigu eða kaup á húsnæði. Þar þurfa stjórnvöld að horfa til uppbyggingar leigufélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, með því að auka stofnframlög til félaga sem hafa það að langtímamarkmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með leiguhúsnæði og eru rekin án hagnaðarsjónarmiða.

Það eru miklar væntingar gerðar til stjórnvalda um að draga úr ójöfnuði og óstöðugleika í samfélaginu. Nú er komið að því að standa undir þeim væntingum.



Við eigum ekki að hika við að beita skattkerfinu sem jöfnunartæki.

ÖLL BRAUÐ Á
25%
AFSLÆTTI
ALLA MÁNUÐAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Að vera einn, án annarra

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

É g þekki enga manneskju sem hefur sérstaka ánægju af því að vera sem mest ein. Sem vill frekar, ef hún getur, vera alveg ein. Sem oftast. An annarra. Allt sitt líf. Ég hef heyrt af þannig fólki, en ekki kynnst því, kannski vegna þess að það kynnist ekki mörgum. Allt fólk sem ég veit um hefur einhverja djúpa þörf fyrir aðra og þrífst illa án þess að eiga einhvers konar samneyti við aðra. Fólk þarfnast fólks.

Ég veit þó um fólk sem er mikið eitt, en ekki vegna þess að það vill það endilega. Til er urmull af fólki sem leitar að öðru fólki, en finnur ekki. Þráin eftir innilegum samskiptum við aðra er sjáanleg í augum þess og vitnisburðurinn um löngunina kemur fljótt upp á yfirborðið í hversdagstali. Er ekki einhver fyrir mig þarna úti? Það getur verið skemmtilegt fyrir manneskju í hjónabandi að fara með góðum einmana vini eða vinkonu inn á Tinder sem



ráðgjafi í kvöldstund eða svo, en mikið guðslifandi þakkar maður svo fyrir það eftir slíka syrpu, að maður skuli vera í sambandi. Að maður skuli ekki vera einn. Maður er ekki baun einn.

Er þetta ekki frumþörf? Vantar ekki grunninn að öllu hinu, ef innilegra samskipta nýtur ekki við annað fólk, hvort sem er í ástar-sambandi eða í góðri vináttu? Ég held það. Manneskjan er samskiptavera. Hún er einhvers konar sam-vera. Svo rammt kveður að þessu að nánast helmingur alls fólks á jörðu er núna tengdur hver öðrum í lófanum á sér og getur eiginlega ekki lifað án þess.

Þjóð í vanda
Stundum finnst mér eins og í

stjórnmalum sé lenska sumra að líta algerlega fram hjá því hvernig Homo sapiens virkar. Það er eins og það sé enginn skilningur á grunnþörfunum. Mér finnst blasa við að í stjórnmalum hljóti að gilda það sama og í lifinu. Þú ert ósköp máttlaus einn. Þú verður að vinna með öðrum, treysta öðrum, tala við aðra, eiga í sambandi.

Hér er ég, eins og svo margir aðrir undanfarna daga, að tala um Brexit. Ég bjó einu sinni í London. Það var ótrúlega skemmtilegur tími. Bresk menning er stórkostleg. Ég át í mig dagblöðin, sem voru uppfyll af skemmtilegu efni. Ég horfði á fréttaskýringarþættina og dáðist að þessum upplýstu rök-ræðum sem áttu sér stað. Annað en í bælda og málefna-snauda



Einhver laug að breskum kjósendum að það væri betra að vera einn.

skætingnum heima. Ég fór í leikhúsin, á tónleikana og myndlistargalleriín. Og jú, jú. Ég datt líka í það og fór í fullt af partíum. Lykilatriðið er, að eftir kynni mín af Bretum — og ég held að margir Íslendingar hafi sömu sögu að segja — finnst manni svo ótrúlega ömurlegt að horfa upp á vandræðin sem elsku bestu Bretar hafa komið sér í.

Að hanna talsýn

Bretar eru ekki að fara eitthvað annað, í annað samband. Þeir ætla bara að vera einir. Það er ótrúlegt. Vissulega er til fólk í góðum samböndum sem fær þá flugu í höfuðið að það sé betra að vera einn. Fara upp í sveit og láta sig hverfa. Að lifa meðal spóa. Það kann að vera rétt um stundarsakir, en yfirleitt liggur leiðin aftur á Tinder eða á næsta bar eða á spilakvöld hjá kvenfélaginu. Manneskja þarf

manneskju. Þjóð þarf þjóðir.


Einhver laug að breskum kjósendum að það væri betra að vera einn. Rétt innan við helmingur trúði því ekki. Hinn trúði því. Núna eru stjórnmalamenn að streða við það, jafnvel gegn sínum vilja, að hanna einhvers konar leið þar sem Bretar standa einir en eru samt ekki einir. Flestir vilja auðvitað áfram njóta allra góðu kosta samvinnunnar, sem sjálfstæð ríki Evrópu hafa þróað saman, jafnvel líka þeir sem vilja samt yfirgefa samvinnuna. Skipulega þarf því að hanna einhvers konar talsýn, abstrakt hlíðarveruleika þar sem bæði er hægt að halda því fram að Bretar séu einir en samt ekki.

Gæðin sem gleymdust

Stundum missir fólk sjónar á gæðum sínum. Að fá að ferðast frjálst um lönd heillar álfu, vinna frjálst hvar sem er, njóta fjarfskipta með sama kostnaði alls staðar, að þurfa ekki að óttast landamæri, að geta menntað sig hvar sem er, stundað viðskipti hvar sem er, notið heilbrigðisþjónustu hvar sem er og komið sér upp heimili hvar sem er innan heillar álfu sem áður logaði í styrjöldum. Allt þetta eru gæði sem greinilega helmingur þjóðar gat gleymt, og vill núna láta sig hverfa. Bretar munu fljótt uppgötva að það er ekkert fengið með því að yfirgefa farsælt samstarf Evrópuríkja, sem hefur fært þegnum ótrúleg lífsgæði. Þeir verða mættir aftur á Tinder áður en við vitum af.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt



Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði — sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





ÍSLAND - FRAKKLAND

22-31 (11-15)**Maður leiksins****Elvar Örn Jónsson**

Selfyssingurinn sýndi flotta takta og stýrði sóknarleik Íslands í fjarveru Arons gegn einu sterkasta liði heims.

**Hættulegustu mennirnir**

Mörk + stoðsendingar

Elvar Örn Jónsson	5+4
Sigvaldi Guðjónsson	4+1
Teitur Örn Einarsson	3+1
Ólafur Guðmundsson	2+2
Haukur Þrastarson	2+0
Bjarki Már Elísson	2+0
Ýmir Örn Gíslason	2+0

11

Ísland var með ellefu tapaða bolta í sóknarleiknum.

Haukur Þrastarson varð yngsti leikmaður mótsins í gær.

1 víti var dæmt í öllum leiknum en Ómar Ingi brenndi af.

6 mörk skorðuðu Frakkar áður en Ísland komst á blað í gær.

Mörk úr leikstöðum**HM í handbolta****Milliriðill 1****Ísland - Frakkland 22-31**

Mörk Íslands (Skot): Elvar Örn Jónsson 5 (8), Sigvaldi Guðjónsson 4 (6), Teitur Örn Einarsson 3 (8), Bjarki Már Elísson 2 (3), Arnar Freyr Arnarsson 2 (3), Ýmir Örn Gíslason 2 (2), Ólafur Guðmundsson 2 (7), Haukur Þrastarson 2 (4).

Varin skot: Ágúst Elí Björgvinsson 9/0 (30/0, 30,0%), Björgvin Páll Gústavsson 1/0 (10/0, 10%)..

Ísland - Þýskaland 19-24

Mörk Íslands (Skot): Arnór Þór Gunnarsson 6/2 (8/3), Aron Pálmarsson 3 (5), Ólafur Guðmundsson 3 (7), Arnar Freyr Arnarsson 2 (2), Sigvaldi Guðjónsson 2 (4), Bjarki Már Elísson 1 (1), Gísli Þorgeir Kristjánsson 1 (4), Ýmir Örn Gíslason 1 (1).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 8/1 (30/2, 26,7%), Ágúst Elí Björgvinsson 0/1 (0/1).

Frakkland - Spánn 33-30**Brasilía - Króatía 29-26**

Stig þjóða: Frakkland 7, Þýskaland 5, Króatía 4, Spánn 2, Brasilía 2, Ísland 0..

Milliriðill 2**Túnis - Svíþjóð 23-35****Danmörk - Ungverjaland 25-22****Ungverjaland - Túnis 26-21****Noregur - Egyptaland 32-28**

Stig þjóða: Danmörk 6, Svíþjóð 6, Noregur 4, Ungverjaland 3, Egyptaland 1, Túnis 0..

Olís-deild kvenna**ÍBV - Fram 23-31**

Markaðstær: Ester Óskarsdóttir 6, Sunna Jónsdóttir 5, Karólína Bæhrens Lárudóttir 3 - Ragnheiður Júlíusdóttir 8, Þórey Rósa Stefánsdóttir 5, Steinunn Björnsdóttir 4.

Geysis-bikar kvenna**Breiðablik - ÍR 80-44****Snæfell - Haukar 72-68****Stjarnan - Skallagr. 71-49****Keflavík - Valur 71-89**

Erfiður skóli en ungt lið Íslands mun njóta góðs af reynslunni

Ungt lið Íslands náði að standa í ríkjandi heimsmeisturum Frakklands í leik liðanna á HM í handbolta í gær. Franska liðið tók fótinn aldrei af bensíngjöfinni og vann að lokum níu marka sigur. Íslenska liðið fær nú kærkomna hvíld fyrir leikinn gegn Brasilíu á miðvikudaginn sem er lokaleikurinn í milliriðlinum.

HANDBOLTI Strákarnir okkar náðu að standa í ríkjandi meisturum Frakklands en franska liðið reyndist sterkara á lokametrunum og vann að lokum níu marka sigur 31-22 í gær. Var þetta annar leikur íslenska liðsins á sólarhring og eftir að hafa barist gegn Þýskalandi í sextíu mínútur náði íslenska liðið að halda í við franska liðið fyrstu 35. mínúturnar en missti svo leikinn úr höndum sér.

Íslenska liðið lék án tveggja lykilmanna í gær, Aron Pálmarsson og Arnór Þór Gunnarsson voru fjarverandi og komu Haukur Þrastarson og Óðinn Þór Ríkhartsson inn í þeirra stað. Það var því ekki hár meðalaldurinn í liði Íslands sem var að mæta einu sterkasta liði heims.

Það virtist vera smá hrollur í íslenska liðinu í upphafi leiks því franska liðið komst 6-0 yfir en Strákarnir okkar gáfust ekki upp og var munurinn fjögur mörk í hálfleik. Íslenska liðinu tókst að minnka muninn í tvö mörk í upphafi seinni hálfleiks en þá sýndi franska liðið



Guðmundur fer yfir málin með Elvari í gær. NORDICPHOTOS/EPA

hversu megnugt það er og kláraði í raun leikinn með öðrum 6-0 kafla. Þrátt fyrir að vera undir gáfust íslensku drengirnir aldrei upp og börðust allt til loka.

„Það má segja að franska liðið hafi

verið númeri of stórt, þeir sýndu styrk sinn strax í byrjun þegar þeir komust 6-0 yfir og þá sá maður að það var ekkert vanmat að fara að eiga sér stað. Þeir tóku þennan leik mjög alvarlega. Þetta var skóli fyrir

íslenska liðið, erfiður en engu að síður eitthvað sem mun gagnast liðinu í framtíðinni,“ sagði Stefán Árnason, álitsgjafi Fréttablaðsins, um leikinn í gær.

„Það var frábært að sjá þetta unga lið Íslands minnka þetta í tvö mörk áður en Frakkarnir náðu öðrum 6-0 kafla. Þar sýndu þeir styrk sinn þrátt fyrir hetjulega baráttu Íslands í þessum leik. Þeir virtust ætla að klára leikinn snemma og eflaust með augastað á því að laga markatöluna en íslenska liðið gafst aldrei upp og Frakkland þurfti að hafa fyrir þessu gegn framtíðarleikmönnum Íslands,“ sagði Stefán og hélt áfram: „Skallaföllin fyrir leik voru gríðarleg, við missum tvo reynslumestu leikmennina út og sérstaklega Aron sem hefur verið frábær á þessu móti í að stýra sóknarleik Íslands. Hann hefur verið potturinn og pannan í sóknarleik Íslands. Það var ekki öfundsvert fyrir þá að mæta Frakklandi án Arons og Arnórs.“

kristinnpall@frettabladid.is

ENDURNÝJADU TENGSLIN MEÐ KODIAQ OG KAROQ.

5
LEIÐMÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU

**ŠKODA****KODIAQ OG KAROQ. FYRIR FÓLKIÐ ÞITT OG NÁTTÚRUNA.**

Það er mikilvægt að vera í góðum tengslum við fólkitt sitt og náttúruna. Hvort sem þú velur margverðlaunaðan KODIAQ eða glænýjan og snjallan KAROQ gerir þú hvort tveggja. Komdu og prófaðu jeppabræðurna frá ŠKODA. Hlökkum til að sjá þig!

ŠKODA KODIAQ 4x4 frá:
5.590.000 kr.

ŠKODA KAROQ frá:
4.590.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

ALVÖRU ÚTSALA Í MÚRBÚÐINI



**25-40%
AFSLÁTTUR**

af allri málningu

Verðdæmi:
Deka Projekt 10L, Gljástig 10. St.A

Verð nú **4.793** kr.
Verð áður **6.390** kr.

BLÖNDUM ALLA HEIMSINS LITI

Lutool rafhlöðuborvél
24V Li-Ion

Verð nú
8.704

Áður **10.880** kr.



**Geymslubox og kassar.
Margar stærðir.**

Verð nú frá **218** kr.



Verðdæmi: Plastkassi 52L m/hjólum og loki

Verð nú **1.343** kr. Verð áður **1.790** kr.



**20%
AFSLÁTTUR**

af öllum
Supacell
LED perum

Verð frá
236 kr.



**20%
AFSLÁTTUR**

**Snjóskóflur og
snjósköfur í miklu
úrvali**

Verð frá **1.584** kr.

DRIVE
Bílskýrsryksuga
fyrir vatn & ryk
20 lítra tankur
1200 Wött

7.996 kr.
Áður **9.995** kr.



**20%
AFSLÁTTUR**

**MIKIÐ
